

**DEILISKIPULAGSBREYTING FYRIR LÓÐINA SKJÓL ÚR LANDI KJÓASTAÐA 1 Í BLÁSKÓGABYGGÐ.**

Forsendur og aðstæður:  
 Að Skjóli, landnr. 220934, er rekin ferðaþjónusta þar sem boðið er upp á gistingu fyrir 24 manns í húsum ásamt veitingasölu auk tjaldsvæðis fyrir allt að 800 tjöld/ferðavagna. Lóðin er skráð undir heitinu Kjóstaðir 1 land 2, en hefur gengið undir nafninu Skjól frá því farið var að reka þar ferðaþjónustu fyrir nokkrum árum. Að Skjóli hafa þegar verið byggð tvö hús í tengslum við ferðaþjónustuna samkvæmt deiliskipulagi sámp. 8. maí 2014. Deiliskipulagsbreyting var svo samþykkt 29. apríl 2016 sem leyfir byggingu 300 m<sup>2</sup> húss fyrir veitingasölu, á milli húsanna tveggja sem fyrir voru á svæðinu, auk allt að 500 m<sup>2</sup> húss með gistirými fyrir allt að 50 manns. Samkvæmt þeirri breytingu hefur þegar verið byggt hús fyrir veitingasölu. Nú er fyrirhuguð bygging íbúðarhúss og skemmu vestar á lóðinni og lengist þá skipulagssvæðið til vesturs. Samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari er óskað eftir breytingu á skráðu heiti lóðarinnar úr Kjóstaðir 1 land 2 í Skjól. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er lóðin á svæði sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu.


Breyting frá gildandi deiliskipulagi:  
 Nýr byggingareitur bættist við þann sem fyrir er á skipulagssvæðinu. Byggingareitur (B2): Innan reitsins má byggja allt að 300m<sup>2</sup> íbúðarhús á tveimur hæðum. Að auki má byggja allt að 250 m<sup>2</sup> skemmu sem hýsa mun hesthús og geymslu. Hámarks mænishæð bygginga innan reitsins er 8 m frá gólfplötu. Byggingareitur afmarkast samkvæmt hnitpunktum á uppdrætti.

Aðkoma og fráveita:  
 Aðkoma er frá Kjóstaðavegi nr. 3667. Nýr aðkomuvegur verður lagður að fyrirhuguðum byggingum, sem tengjast mun þeim aðkomuvegi sem fyrir er (sjá uppdrátt deilisk. breytingar).  
 Nýtt fráveituvirki verður staðsett vestan nýs byggingareitar (B2), vestast á skipulagssvæði.


Að öðru leyti en að framan greinir verða byggingar- og skipulagsskilmálar í gildandi deiliskipulagi m.s.br. óbreyttir.



FERÐAÞJÓNUSTUSVÆÐIÐ SKJÓL



YFIRLITSMYND SKIPULAGSSVÆÐIS 1:10000



YFIRLITSMYND AÐALSKIPULAGS

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

**HNITASKRÁ**

Nafn	Austur	Norður
B05	440075.0	423858.6
B06	440091.9	423900.8
B07	440137.4	423882.5
B08	440120.5	423840.4

HNITAKERFI: ISN93

**SKÝRINGAR**

- Mörk skipulagssvæðis
- Útlina lóðarjarða
- Byggingareitur
- Vegur
- Helgunarsvæði Vegagerðar
- Trjágróður
- Heiti hnitpunkts
- Rotþró
- Fyrirhuguð bygging



TEIKNINUMER 5163-002

BLADSTÆRD A2

HANNAÐ: MB

TEIKNAD: MB

YFIRFARID: PB

DAGS. 23.11.2018

MÆLIKVARÐI 1:2000

ÚTGÁFA

**SKJÓL, BLÁSKÓGABYGGÐ**  
 DEILISKIPULAGSBREYTING

SAMPYKKT: Kennitala: